## II. Ýmislegt um starfsemi Ríkisútvarpsins

1. Ámælisverður leikrita-
flutningur ríkisútvarpsins.

2 renningar

Nýlega lét „margir útvarpshlustendur“ blaðið Vísi bera 1.
nokkrar „fyrirspurnir til útvarpsráðsins“ um það, hvort
því þætti útvarpshlustendum boðlegt og samboðið
að útvarpið flytti þeim andstyggilegt guðlast, eins og
fyrirspyrjendum unna hafa þótt keyra úr hófi fram laugardags
kvöldið 23. nóv. í flutningi skrípaleiksins „Heimilisfriðurinn“.
Útvarpsráðið hefir, sem og skiljanlegt er, kosið þann kostinn að
svara þessu ekki enn sem komið er. Sennilega hefir þarna „sök
bitið sekan“ og er því vorkunnarmál þótt ~~þeim sem svara bar~~ /
þeir, sem áttu að svara þessu, veigruðu sér við því og létu við
það sitt sitja að samþykkja hin þungu ásökunarorð með algjörðri
þögn. Drengilegri vörn var ekki að vænta úr þeirri átt, sízt
frá meiri hluta „ráðsins“ og einkum formanns þess, sem þó
hafði sérstaka ástæðu til að bera hönd fyrir sér.
Enginn skyldi nú ætla að ráðið hafi hugsað sér að bæta ráð
sitt í þessum efnum, því síðastl. laugardagskvöld, 7. þ.m.
er einn flutt ómerkilegt leikrit í eintalsformi (Monolog)
eintómar skammir og rifrildi, kryddað með blóti og formæl-
ingum, sem alveg er ómögulegt að skilja hvaða erindi ráðið
telur að þvílíkt „bull og bölvað þvaður“ á til þjóðarinnar,
nema því aðeins að „ráðið“ telji það best við eiga og í mestu
samræmi við þess eigin smekk og fegurðartilfinningu að það fari
jöfnum höndum saman að útvarpið flytji ómengaðan kristin-
dóm af munni prestanna í kirkjunum ~~og~~ t.d. á sunnudögum
en aðra daga og þá einkum daginn áður argasta guðlast. blót
og formælingar af munni einhverra leikara, sem litla dómgreind
hefir til brunns að bera um það hvað sæmilegt eða ósæmilegt sé.

Sama samræmis gætir og í flutningi söngs og hljóðfæraslættar:
Öðrum þræði eru flutt sígild verk frægustu snillinga heimsins
í þeirri grein, svo sem Bethovens, Bach's og Händels o.fl. en
hins vegar (léttmetisgutl ýmsra „íslenzkra tónskálda“ ~~[illegible]~~
lætur það „útvarpskvotheim“ flytja ýmislegt) og má segja um hann, að hann er enginn
föðurbetrungur glymskrattans, heldur hlustahrellingin mesta, sem
engu síður en hann særir svo ~~[illegible]~~ að sárustu tilkenningu
verður vart í hverjum huga og hjarta þess er á hlýðir.

Eitt er eins samræmisins að gæta hvað útvarpið gerir nú fyrir
börnin: Vinsælasti sögumaður þeirra var séra Fr. Hallgrímsson, nú er
~~Kennari sá, er Hart hefir þeim að færa lyngfóri manna oft. af sínu~~ Kennar
~~Lagard látinn bulla~~

2

er það kennari sá, er best gekk fram í skólanum með það að
kenna börnum að teikna kynfæri manna, sem kemur með börnin sjálf
í útvarpið og lætur þau flytja eitthvert „frumsamið" ritsmíð (eftir þau
sjálf) eða þýðingar úr erlendum málum (t.d. sænsku), þar sem „þýðingar"
þessar eru svo óvandaðar að orðið alrengur er þýtt strákar —
nema hvað —, enda mun málakennslan og þá einkum móðurmálskennslan
ekki vera á marga fiska né meiri en svo, að börnin (þýðendurnir!) skilja
ekki algengustu íslensk orð, hvað þá erlend. Með flutningi því líkum
erinda er því ekki gleymt að tilkynna þjóðinni nöfn þessara málfræðinga
og skálda. Virðist það gert til þess að börnin fái því meira lof sín er
þau hyggja að þjóðin festi sér nöfn þeirra í minni. Vera má það ráð fyrir
eftir því sem barnakennslunni er nú komið með þjóð vorri, að ekki sé mikla
eftirstandi í vont og mikillæti barnanna yfirleitt og fer nú siðferði þeirra
mjög eftir því.
Þannig hafa ýmsir þeir, er á síðastl. sumri voru óánægðir með að komast
í þetta ráð og hétu því að það skyldi nú betur stjórnað en áður, tekið að
oss útvarpsnotendum og vitanlega svikið öll sín loforð um umbætur
en fari þessu fram til lengdar úr þessu, er ekki annað sýnilegt en að
vér neyðumst til að segja útvarpsnotkun vorri upp eða losna við því
lítt endemi sem oss eru boðið upp á með þessu.
Það var alveg rétt af ráðinu, að svara ekki fyrirspurnunum hinna mörgu
útvarpsnotenda úr lézi um daginn, því þær voru því ofraun við að fást
en engin ofraun að sýna hlutdrægni sína og skilningsleysi á stöðu sinni.